



SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Viðtakandi: Borgarráð

Sendandi: Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara

Svar við fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um skipan í starfshóp innviðaráðuneytisins vegna áhrifa nýrrar byggðar í Skerjafirði á flug- og rekstraröryggi Reykjavíkurlflugvallar

Á fundi borgarráðs þann 13. júlí 2023 var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins:

Óskað er upplýsinga um hvar og hverjir tóku ákvörðun um val á fulltrúa Reykjavíkurborgar í starfshóp innviðaráðuneytisins vegna áhrifa nýrrar byggðar í Skerjafirði á flug- og rekstraröryggi Reykjavíkurlflugvallar.

Fyrirspurninni var vísað til umsagnar skrifstofu borgarstjóra og borgarritara með bréfi skrifstofu borgarstjórnar, dags. 14. júlí sl.

Svar:

Í bréfi innviðaráðuneytisins dags. 16. júní 2022 til Dags B. Eggertssonar borgarstjóra var tilkynnt að ákveðið hefði verið að setja á laggirnar starfshóp sérfræðinga sem vinni flugfræðilega rannsókn á fyrirhugaðri byggð í Skerjafirði og áhrifum hennar og tilheyrandi framkvæmda á flugöryggi og rekstraröryggi Reykjavíkurlflugvalla. Innviðaráðuneytið sendi annað bréf dags. 30. júní 2022 til borgarstjóra þar sem „er óskað eftir því að Reykjavíkurborg tilnefni sérfræðing sinn í starfshópinn.“

Svarbréf borgarstjóra við bréfum innviðaráðuneytisins dags. 16. og 30. júní 2022 var sent Sigurði Inga Jóhannessyni innviðaráðherra dags. 7. júlí 2022. Þar segir að „Reykjavíkurborg mun tilnefna Glóey Helgudóttur Finnsdóttur, skrifstofustjóra stjórnslu og gæða á umhverfis- og skipulagssviði Reykjavíkurborgar, í starfshópinn og mun hún hafa sér til halds og trausts aðra þá sérfræðinga borgarinnar sem einnig gætu liðsinnt hópnum í störfum sínum eins og þurfa þykir.“

*Þorsteinn Gunnarsson
borgarritari*

Hjálagt:

Bréf innviðaráðuneytisins til Reykjavíkurborgar dags. 30. júní 2022

Bréf Reykjavíkurborgar til innviðaráðuneytisins dags. 7. júlí 2022



Stjórnarráð Íslands
Innviðaráðuneytið

irn@irn.is
545 8200

Sölvhólgötu 7,
101 Reykjavík

stjornarradid.is

Reykjavíkurborg
Dagur B. Eggertsson, borgarstjóri
Ráðhúsinu Tjarnargötu 11
101 Reykjavík

Reykjavík 30. júní 2022
Tilv.: IRN22030026/3.21.3.0

Eins og fram kom í bréfi ráðuneytisins frá 16. júní sl. hefur verið ákveðið að setja á laggirnar starfshóp sérfræðinga sem vinni flugfræðilega rannsókn á fyrirhugaðri byggð í Skerjafirði og áhrifum hennar og tilheyrandi framkvæmda á flugöryggi og rekstraröryggi Reykjavíkurflugvallar. Skal starfshópurinn greina hvort og þá hvernig tryggja megi að framkvæmdir og uppbygging í Nýja Skerjafirði skerði ekki flug- og rekstraröryggi flugvallarins. Meðfylgjandi er nánari lýsing verkefnisins.

Starfshópnum veitir forystu fulltrúi ráðuneytisins en auk hans skipa hópurinn sérfræðingar frá Isavia, Reykjavíkurborg, Veðurstofunni, Háskólanum í Reykjavík og Öryggisnefnd Félags íslenskra atvinnuflugmanna. Þá afli starfshópurinn annarrar sérfræðipækkingar eftir þörfum. Gert er ráð fyrir því að starfshópurinn hefji þegar störf og skili niðurstöðum sínum eigi síðar en 1. október nk.

Með vísan til framangreinds er óskað eftir því að Reykjavíkurborg tilnefni sérfræðing sinn í starfshópinn.

Fyrir hönd ráðherra
e.u.

Ólafur Kr. Hjörleifsson



Innviðaráðuneytið
Sigurður Ingi Jóhannesson innviðaráðherra
Sölvhólsgötu 7
101 Reykjavík

Efni: Svar við bréfum innviðaráðuneytisins, dags. 16. og 30. júní 2022, vegna uppbyggingar í Nýja Skerjafirði

Vísað er til bréfs innviðaráðuneytisins, dags. 16. júní 2022, þar sem þeirri afstöðu ráðuneytisins er lýst um að fyrirhuguð byggð í Skerjafirði muni óumdeilanlega hafa neikvæð áhrif á vindafar og ókyrrð í lofti við Reykjavíkurlflugvöll. Í tilvitnuðu bréfi er því jafnframt lýst að mótvægisáðgerðir fyrir ætluðum neikvæðum áhrifum muni aðeins leiða til takmarkana á nýtingu Reykjavíkurlflugvallar frá því sem nú er og draga úr rekstraröryggi flugvallarins í andstöðu við samkomulag Reykjavíkurborgar og íslenska ríkisins frá 28. nóvember 2019. Auk þess er fullyrt að framkvæmdir vegna uppbyggingar geti valdið frekari rekstrartakmörkunum samkvæmt starfsleyfi flugvallarins og jafnvel leitt til lokunar hans að hluta. Að mati ráðuneytisins er óásættanlegt að fara í framkvæmdir við uppbyggingu án þess að fullkannað sé hvort og þá með hvaða hætti sé tryggt að framkvæmdir hafi ekki neikvæð áhrif á rekstraröryggi Reykjavíkurlflugvallar. Ráðuneytið telur sig því hvorki geta fallist á að farið verði í umræddar framkvæmdir né aðrar framkvæmdir nema sýnt hafi verið fram á með óyggjandi hætti að flugöryggi og rekstraröryggi Reykjavíkurlflugvallar sé ekki stefnt í hættu. Með vísan til þess hafi ráðuneytið ákveðið að setja á laggirnar starfshóp sérfræðinga sem vinni flugfræðilega rannsókn á hinni fyrirhuguðu byggð og áhrifum hennar og tilheyrandi framkvæmda á flugöryggi og rekstraröryggi Reykjavíkurlflugvallar. Fram kemur að fyrstu niðurstöður starfshópsins skuli liggja fyrir eigi síðar en 1. október nk. Ráðuneytið leggur því þunga áherslu á að Reykjavíkurborg fresti öllum áformum um úthlutun lóða og byggingarréttar og hefji engar framkvæmdir á umræddu svæði, fyrr en niðurstaða framangreindrar rannsóknar liggur fyrir.

Þá er einnig vísað til bréfs innviðaráðuneytisins, dags. 30. júní 2022, þar sem óskað er eftir því að Reykjavíkurborg tilnefni sérfræðing sinn í framangreindan starfshóp sem og ódagsetts skjals um greiningu á áhrifum fyrirhugaðrar uppbyggingar í Nýja Skerjafirði á flug- og rekstraröryggi Reykjavíkurlflugvallar („skjalið“), er fylgdi bréfi, dags. 30. júní 2022.

Hér á eftir fylgir svar Reykjavíkurborgar við erindunum.

I.

Fyrirliggjandi niðurstöður um flugöryggi

Reykjavíkurborg hafnar því að umræddar framkvæmdir og byggð í Nýja Skerjafirði muni hafa neikvæð áhrif á rekstrar- og flugöryggi Reykjavíkurlflugvallar eða að í þeim felist brot á samkomulagi aðila frá nóvember 2019. Um það vísar Reykjavíkurborg til fyrri umfjöllunar í bréfi sínu, dags. 12. apríl 2022. Að mati Reykjavíkurborgar eru fullyrðingar ráðuneytisins í þá veru órökstuddar og ekki í samræmi við niðurstöður innlendra og erlendra sérfræðinga sem hafa framkvæmt athuganir og rannsóknir á áhrifum uppbyggingar svæðisins á Reykjavíkurlflugvöll, annars vegar fyrir Reykjavíkurborg og hins vegar fyrir Isavia ohf., sbr. fyrirliggjandi gögn málsins.



Minnt er á að túlkun Isavia ohf. á fyrirliggjandi gögnum og úttekt alþjóðlegra sérfræðinga var kynnt Reykjavíkurborg í minnisblaði Isavia ohf., dags. 16. september 2020, um vindáhrif nýrrar byggðar í Skerjafirði með þeim orðum að „*breytingar sem geta orðið á vindhvörfum miðað við gefnar forsendur eru innan marka og ættu ekki að hafa teljanleg áhrif á flugvöllinn.*“ Varðandi ókyrrð bendir Isavia ohf. á í minnisblaðinu að hinir alþjóðlegu ráðgjafar hafi gert bráðabirgða áhættumat með þeirri niðurstöðu að aðstæður flokkist undir það að „vera þolanlegar (e. tolerable)“. Þá segir í niðurstöðum umrædds minnisblaðs Isavia ohf.: „*Framkvæma þarf áhættumat og koma upp ferlum og stýringu til að takast á við þessar aðstæður.*“ Reykjavíkurborg lítur þannig á að athuganir, rannsóknir á vettvangi og úttektir varðandi málið liggja fyrir og að yfirferð yfir þær og gerð áhættumats sem og að skilgreina ferla og stýringar (mótvægisáðgerðir) verði meginverkefni hópsins sem ráðuneytið er nú að setja á lagginnar.

II.

Mikilvæg húsnæðisuppbygging og gildandi samningar

Uppbygging íbúðarhúsnæðis í Nýja Skerjafirði er lykilþáttur í áætlunum Reykjavíkurborgar um lóðaúthlutunir og húsnæðisuppbyggingu. Fyrstu áfangar hennar lúta að byggingu stúdentaíbúða, leiguíbúða á viðráðanlegu verði og íbúða fyrir ungt fólk og fyrstu kaupendur auk úthlutana fyrir almennan markað. Ljóst er að allar tafir á uppbyggingu svæðisins eru afar óheppilegar og í raun óásættanlegar miðað við núverandi stöðu á húsnæðismarkaði.

Í samkomulagi Reykjavíkurborgar og íslenska ríkisins um skipulag og uppbyggingu á landi ríkisins við Skerjafjörð, dags. 1. mars 2013, kemur fram að samkomulagið geri ráð fyrir því að Reykjavíkurborg kaupi land ríkisins á svæðinu á skilgreindu lágmarksverði og fái við það afsal og óskoraðan yfirráðarétt yfir því. Þá segir í samkomulaginu að Reykjavíkurborg ákveði uppbyggingarhraða á svæðinu en skuldbindi sig þó til að sölu byggingarréttar verði hraðað eins og kostur er. Hinn 11. ágúst 2016 undirritaði Reykjavíkurborg og íslenska ríkið kaupsamning og afsal þar sem fram kemur að afhending svæðisins fari fram við undirritun og að lögskil miðist við afhendingu. Svæðið er því óumdeilanlega í eigu og umráðum Reykjavíkurborgar og hafa takmörkuð afnot Isavia ohf. á því innan girðingar Reykjavíkurflugvallar farið fram með samþykki Reykjavíkurborgar í því trausti að girðingin verði færð þegar Reykjavíkurborg þarf á svæðinu að halda til úthlutunar og uppbyggingar. Þann skilning hafa allir hlutaðeigandi aðilar haft enda hafa Reykjavíkurborg og Isavia ohf. átt í góðu samstarfi um tilfærslu girðingarinnar.

Þá mátti íslenska ríkinu vera ljóst við gerð samkomulagsins frá mars 2013 og kaupsamnings og afsals frá ágúst 2016 að uppbygging svæðisins kynni að hafa áhrif á Reykjavíkurflugvöll og að nauðsynlegt yrði að viðhafa mótvægisáðgerðir vegna þeirrar uppbyggingar sem samkomulagið frá mars 2013 gerir ráð fyrir en það skyldar Reykjavíkurborg sérstaklega til að selja byggingarrétt á svæðinu. Íslenska ríkið verður að teljast sérfrótt á sviði flugrekstrar og getur vart borið fyrir sig vanþekkingu á hugsanlegum áhrifum framkvæmda og uppbyggingu svæðisins á Reykjavíkurflugvöll við gerð samkomulaganna.

Það vekur athygli Reykjavíkurborgar að samkomulagið frá mars 2013 og kaupsamningurinn og afsalið frá ágúst 2016 eru ekki nefnd í *skjalinu* sem fyrirliggjandi gögn við rannsókn starfshópsins. Að mati Reykjavíkurborgar mætti líta á þann undanskilnað þannig að starfshópnum sé ekki ætlað að innifela efni samkomulagsins frá mars 2013 og kaupsamningsins og afsalsins frá ágúst 2016 í rannsókn sinni. Reykjavíkurborg telur það ótækt enda er umrætt samkomulag og eignarheimildir Reykjavíkurborgar grundvöllur samningsskyldna aðila varðandi uppbyggingu svæðisins.



III.

Um verkefni starfshópsins

Í *skjalinu* er lýst nánar markmiði, efni og tímaáætlun rannsóknar starfshópsins. Fram kemur að markmið verkefnisins sé að fyrir liggja skýr greining á því hvort og þá hvernig samrýma megi áform Reykjavíkurborgar um uppbyggingu Nýja Skerjafjarðar við rekstur Reykjavíkurflugvallar þannig að þau skerði hvorki flugöryggi né rekstraröryggi flugvallarins. Í lýsingu verkefnisins er vísað til samkomulagsins frá nóvember 2019 sem m.a. feli í sér að rekstraröryggi Reykjavíkurflugvallar verði tryggt á meðan á undirbúningi og gerð nýs flugvallar stendur. Rétt er að áréttta að rekstraröryggi í áðurnefndum samningi vísar til rekstraröryggis vegna innanlandsflugs. Þannig kemur eftirfarandi fram um rekstraröryggi í 2. mgr. 5. gr. tilvitnaðs samkomulags:

Aðilar eru sammála um að tryggt verði rekstraröryggi á Reykjavíkurflugvelli á meðan undirbúningi og gerð nýs flugvallar stendur, þar með talið eðlilegt viðhald og endurnýjun mannvirkja í samræmi við ákvæði gildandi samgönguáætlunar Alþingis. Miðað verði við að Reykjavíkurflugvöllur geti áfram þjónað innanlandsflugi á fullnægjandi hátt þar til nýr flugvöllur er tilbúinn til notkunar.

Auk þess er í *skjalinu* í 4. tölul. undir fyrirsögninni verkefnið lagt til að starfshópurinn meti áhrif annarra skerðinga á flugvallarsvæðinu og uppbyggingar við hann á undanfönum árum á rekstrarforsendur flugvallarins samkvæmt starfsleyfi. Að mati Reykjavíkurborgar þá eiga umrædd atriði ekki að koma til skoðunar af hálfu starfshópsins, bæði með vísan til afmarkaðs starfstíma hans og þess að um er að ræða atriði sem þegar eru komin til og Isavia ohf. bar að bregðast við með mótvægisáðgerðum. Þá þegar hafi þau haft teljanleg áhrif á Reykjavíkurflugvöll.

Reykjavíkurborg áréttar að hún telur að uppbygging og framkvæmdir í Nýja Skerjafirði séu ekki andstæð samkomulaginu frá nóvember 2019 enda hafa ekki komið fram haldbær rök studd gögnum um hið gagnstæða. Auk þess kemur hvergi fram takmörkun í samkomulaginu frá nóvember 2019 á þeirri samningsbundnu skyldu Reykjavíkurborgar að hefja uppbyggingu svæðisins. Hafi samkomulagið átt að hafa þá merkingu að Reykjavíkurborg væri óheimilt að úthluta lóðum og hefja uppbyggingu á svæðinu hefði borið að orða það þannig með skýrum og afdráttarlausum hætti. Niðurstöður starfshópsins geta því ekki komið í veg fyrir uppbyggingu svæðisins eins og 5. tölul. undir fyrirsögninni verkefnið gefur til kynna að geti orðið. Jafnframt er ekki tilgreint í *skjalinu* hver eigi að taka ákvörðun um og ábyrgjast fjárhagslega komi til þess að starfshópurinn leggi til aðgerðir eða breytingar á uppbyggingaráformum, sbr. 6. tölul undir sömu fyrirsögn. Reykjavíkurborg leggur því áherslu á að uppbyggingaráform svæðisins verði óbreytt enda grundvallast þau á deiliskipulagi er þegar hefur tekið gildi. Í 7. tölul. undir sömu fyrirsögn er lagt til að starfshópurinn geri grein fyrir því hvernig megi sannreyna að tilætluðum árangri hafi verið náð. Að mati Reykjavíkurborgar verður að liggja fyrir við skipan starfshópsins hvað teljist árangur, hvernig beri að leggja mat á árangur og sannreyna hann. Ekki er unnt að fela sérfræðingum starfshópsins að gera grein fyrir því undir rannsókn sinni enda verður það að teljast veruleg forsenda rannsóknarinnar hvaða árangri eigi að ná. Að öðrum kosti er vandséð hvernig starfshópurinn muni ná fram markmiðum rannsóknarinnar. Þá leggur Reykjavíkurborg einnig áherslu á að það áhættumat sem starfshópnum sé ætlað að vinna samræmist 25. gr. reglugerðar nr. 464/2007 um flugvelli en það er ekki tekið fram í *skjalinu* að svo verði.

Þrátt fyrir framangreinda afstöðu þá er Reykjavíkurborg engu að síður reiðubúin til þess að fresta tímabundið frekari úthlutun lóða og framkvæmdum á þeim lóðum sem ekki hefur verið úthlutað til og með 1. október 2022. Á þegar úthlutuðum lóðum getur Reykjavíkurborg lögum samkvæmt ekki ákveðið að fresta útgáfu byggingarleyfis og þar með framkvæmdum, sé



deiliskipulag fyrir hendi, nema með samþykki viðkomandi lóðarhafa. Þó skal tekið fram að uppbygging lóðanna Reginsnes 10, sem úthlutað hefur verið til Bjargs íbúðafélags hses., og Otursnes 62, sem úthlutað hefur verið til Félagsstofnunar stúdenta, er ekki hafin þar sem umræddar lóðir eru enn sem komið er ekki byggingarhæfar.

Það vilyrði er gefið á þeirri forsendu að rannsókn verði hraðað og hún liggi í síðasta lagi fyrir 1. október nk. sem og áhættumat og mótvægisáðgerðir enda mikilvægt að uppbygging svæðisins í heild geti hafist sem fyrst í ljósi stöðu mála á húsnæðismarkaði.

Reykjavíkurborg mun tilnefna Glóey Helgudóttur Finnsdóttur, skrifstofustjóra stjórnslu og gæða á umhverfis- og skipulagssviði Reykjavíkurborgar, í starfshópinn og mun hún hafa sér til halds og traust aðra þá sérfræðinga borgarinnar sem einnig gætu liðsinnt hópnum í störfum sínum eins og þurfa þykir.

Fyrir hönd Reykjavíkurborgar,

Dagur B. Eggertsson

borgarstjóri